



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2012

Efni: Umsögn um og frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, mál nr. 657, og frumvarp til laga um veiðigjöld, mál nr. 658.

Samtök iðnaðarins, SI, taka undir mörg meginmarkmið nýrra frumvarpa til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld. Sjálfbær nýting fiskistofna við Ísland, hámarksþjóðhagslegs ávinnings og nýting nytjastofna í þágu þjóðarinnar allrar eru eðlileg keppimörk í lögum sem þessum. Að mati SI eru hins vegar margvíslegar vísbendingar um að frumvörpin, verði þau að lögum, geti gengið gegn sumum yfirlýstra markmiðum frumvarpanna. Ekki síst geti þau haft neikvæð áhrif á þann stóra iðnað sem þrífst í kringum íslenskan sjávarútveg og þar með á þjóðhagslegan ávinning af fiskveiðum við Ísland. Ennfremur telja SI varhugavert að ganga of langt í að beita fiskveiðistjórnun til að ná fram tilteknum byggðasjónarmiðum enda getur slíkt gengið gegn markmiðum um hámarksþjóðhagslegs ávinnings.

Tengsl iðnaðar og sjávarútvegs

Íslenskur iðnaður og sjávarútvegurinn er tengdur órjúfanlegum böndum. Sú staðreynd að útgerð og veiðar hafa einn af burðarásum íslensks efnahagslífs hefur í áranna rás byggt upp öflugan iðnaði í kringum sjávarútveg. Það sem gjarnan er nefnt sjávarklasi er, auk sjávarútvegsins sjálfs, öðru fremur fjölbreyttur iðnaður. Þar vegur þyngst málm- og vélsmíði en leiddar hafa verið líkur að því að um helmingur af umsvifum þeirra greina sé vegna sjávarútvegs¹. Umbúða- og prentiðnaður, veiðarfæragerð, gúmmí- og plastvöruframleiðsla, efnaiðnaður og margvísleg upplýsingatækni tengd sjávarútvegi vega einnig þungt. Á þessum sviðum atvinnulífsins eru hlutfallslegir yfirburðir og samkeppnishæfni okkar einna mestir og mikilvægt að standa vörð um þessa hagsmuni.

Í þessu ljósi er eðlilegt að spyrja hvort þær umfangsmiklu breytingar sem fram koma í nýju frumvarpi valdi því að geta sjávarútvegsins til fjárfestinga, viðhalds og tæknivæðingar skerðist. Til að setja málið í samhengi má nefna tvö verkefni í bígerð, sem Samtök iðnaðarins og fyrirtæki innan samtakanna hyggjast vinna á næstunni með sjávarútveginum. Annað fjallar um þróun á umhverfisvænu fiskiskipi og hitt um aukið samstarf tæknifyrirtækja í sjávarklasanum um markaðssókn erlendis, byggða m.a. á virðisbættu sjávarútvegsins sjálfs. Í verkefnum sem þessum er lykilatriði að íslenski sjávarútvegurinn trúi því að langtímaviðleitni sé ómaksins verð og að það borgi sig að festa fé til langs tíma.

Formleg verkefni eins og þessi eru auðvitað minnsti hluti þess jákvæða og arðbæra samstarfs sem hefur farið fram milli iðnaðar og sjávarútvegs. Helsti ákvörðunarþáttur útgerðanna um fjárfestingar er þar traustið á varanleika og hagkvæmni þess kerfis sem fjárfest er inn í. Á þetta traust hefur skort undanfarin ár og því hafa fjárfestingar útgerðanna legið niðri, utan uppsjávarveiða þar sem sérstök uppgrip hafa verið. Í þeim greinum hefur ekki verið mögulegt annað en bæta framleiðslugetuna. Fyrirtæki sem taka þátt í verkefnum af ofangreindum toga eru t.d. Skaginn,

¹ Heimild: Þýðing sjávarklasans í íslensku efnahagslífi. Ragnar Árnason og Þór Sigfússon (2011)
Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is



Trefjar, Samey, Thorice, OK Hull, Frostverk, Frost, Trackwell, 3X, Marel, Samhentir, Prómens, Valka, Primex og Málmey. Slík fyrirtæki finna strax fyrir minnkandi fjárfestingavilja útgerðarinnar.

Áhrif frumvarpsins á fjárfestingar

Að mati SI eru sterkar líkur á því að frumvarpið hafi neikvæð áhrif á starfsemi þeirra ótalmörgu fyrirtækja sem annars vegar þjóna sjávarútveginum og hins vegar þau sem byggja afkomu sína á sölu og þróun á marvíslegum búnaði fyrir sjávarútveg á aljóðlegum mörkuðum. Síðarnefndi hópurinn á stöðu sína og samkeppnishæfni einkum að þakka sterkum heimamarkaði sem mikilvægt er að verja.

Með vísan í greinargerð Daða Más Kristóferssonar með frumvarpinu og úttektir t.d. Arionbanka o.fl. vill SI lýsa miklum áhyggjum af þeim þáttum frumvarpsins sem lúta að reikniaðferðum veiðigjalds og áhrifum þess á getu sjávarútvegs til fjárfestinga. Sögulega hefur verið verulegur munur á gjaldstofni, þ.e. reiknuðum hagnaði og hins vegar raunverulegum hagnaði sjávarútvegsfyrirtækja. Vegna þessa verður vanmat á þeim frádráttarbæru liðuðum frá EBITDA, sem eiga að standa fyrir afskriftum og kostnaði fjármagns í rekstrinum. Af þessu leiðir að veiðigjaldsstofninn verður hærri en ella. Samkvæmt frumvarpinu eru laun frádráttarbær rekstrarkostnaður frá veiðigjaldsstofni en ekki kostnaður vegna fjármagns, m.a. afskriftum.

Þegar svo ber undir að árgreiðslan, þ.e. reiknaði rekstrarkostnaðurinn vegna fastafjármuna og fjármagns, vanmetur hlut afskrifta og fjármagnskostnaðar í rekstrinum gefur þetta ranga mynd af hagnaði sjávarútvegsfyrirtækja og þar með gjaldstofni veiðigjalds.

Þetta veldur því að fjármagnsfrekar og tæknivæddar útgerðir skapa hærri veiðigjaldsútreikninga en ella. Greininni er í raun refsað fyrir að hafa farið út í fjárfestingar í tæknibúnaði á undanförunum áratugum og fjárfestingahvatar í framtíðinni verða einnig rangir. Mannafli- og viðhaldsfrek grein mun greiða minni skatt en tæknivædd grein, auk þess sem almennur fjárfestingahvati mun minnka vegna minnkandi hagnaðar sjávarútvegsfyrirtækjanna. Að óbreyttu mun þessi staða í sjávarútvegi hafa mjög neikvæð áhrif á þann fjölbreytta iðnað sem þrífst í kringum sjávarútveg.

Almennt um áhrif skattlagningar

SI leggjast almennt gegn óhóflegri skattlagningu og benda á að slíkt muni ekki endilega hámarka skatttekjur, sérstaklega til lengri tíma litið. Líkt og Daði Már Kristófersson bendir á í greinargerð með frumvarpinu mun umfangsmikil skattlagning rentu draga úr hvötum til skynsamlegrar umgengni við auðlindina auk þess sem laun sjómanna muni lækka til lengri tíma litið.

Að lokum benda SI í á að sé of langt gengið í að breyta rekstrarskilyrðum í sjávarútvegi og skerða þar með afkomu fyrirtækja í greininni mun það bæði skerða hagnað í greininni en ekki síður möguleika til hagræðingar. Það mun óhjákvæmilega vega að hagsmunum þess stóra hóps iðnfyrirtækja sem á mikilla hagsmuna að gæta vegna íslensks sjávarútvegs.

SI vilja því beina því til Alþingis að gæta hófs í skattlagningu. Ennfremur vill SI vara við því að löggjafinn nýti potta, fráviksreglur og undanþágur frá hinu almenna hlutfallskerfi aflamarks. Slík stjórnálagleg inngrip eru til þess fallin að minnka fyrirsjáanleika og traust á því að ekki hringlað með kerfið hér eftir, eftir því sem pólitískir vinda blása, sem aftur munu draga úr langtímahugsun og fjárfestingum í



greininni. Hagsmunir íslensks sjávarútvegs og þess kröftuga iðnaðar sem þrífst í kringum hann fara saman.

Virðingarfyllst,

SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in purple ink, appearing to read 'Orri Hauksson', written in a cursive style.

Orri Hauksson
Framkvæmdastjóri